

Reykjavík, 14. febrúar 2018

Efni:

Tillaga til þingsályktunar um dánaraðstoð, 91. Mál


Nefndasvið Alþingis / Velferðarnefnd

Við þökkum fyrir að þingsályktunin (91. mál) hefur verið send okkur til umsagnar. Við sem játum kristna trú, hvort heldur í Rétttrúnaðarkirkjunni eða Kaþólsku kirkjunni höfum væntanlega svipaða afstöðu.

Fyrst og fremst viljum við segja að það að drepa einhvern eða að hjálpa honum að fyrirfara sér er hvorki euthanasia (dauði með gleði) né dánaraðstoð (það að hjálpa einhverjum sem er að deyja), heldur glæpsamlegt aðgerð. Þá getum við á engan hátt samþykkt slíka gjörninga vegna þess að þeir brjóta gegn náttúrulegum lögum og eru einnig andstæðir meginreglum kristinnar trúar.

Loks viljum við áréttta þá skoðun okkar að við teljum það aldrei tímabært að hefja opinbera umræðu um þessi málefni vegna þess að ævinlega er hætt á að þær leiði til misskilnings og misnotkunar. Von okkar er að umræður um þessi málefni komi ekki til kasta Alþingis, en ef svo fer, að þingmenn séu svo skynsamir að þeir beri gæfu til að taka málið sem fyrst af dagskrá.

Með virðingu,



.....
David B. Tencer, OFM Cap.
Reykjavíkurbiskup,
Hávallagata 14,
101 Reykjavík



.....
Séra Timur Zolotuskiy
prestur Rétttrúnaðarkirkju hl. Nikulásar,
Öldugata 44,
101 Reykjavík